



37. fundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn miðvikudaginn 24. október 2018 og hófst klukkan 12:00.

Mættir voru: Jósteinn Hermundsson, Þórarinn J. Þórisson, Sölvi Steinn Ólason, Aðalbjörn Arnarsson, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá

1. Gróðurhús á Bakkafirði
2. Lóðir á Hafnartanga á Bakkafirði
3. Umhverfismarkmið vegna urðunnarstaðar á Bakkafirði
4. Umsókn um stöðuleyfi á lóðinni norðan við íbúðarhús að Fjarðarvegi 17 á Þórshöfn
5. Önnur mál

Fundargerð

1. Gróðurhús á Bakkafirði

Lögð er fram umsókn frá Birni Guðmundi Björnssyni um leyfi fyrir gróðurhúsum á lóð Lindarbrekku á Bakkafirði. Umsókninni fylgir uppdráttur með staðsetningu og samþykki Baldurs Öxdal eiganda landsins fyrir staðsetningu húsanna. Einnig er lagt fram vottorð frá tryggingarfélagi um ábyrgðartryggingu um byggingaröryggistryggingu og náttúruhamfaragjald. Skv. upplýsingum frá umsækjanda er verið að vinna lýsingar á burðar- og veðurþoli húsanna.

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir að mæla með sérstöku stöðuleyfi húsanna til allt að fjögurra ára, gegn samþykki byggingarfulltrúa og íbúa í grennd. Grennd skilgreinist sem hús í allt að 300 m fjarlægð frá húsunum. Enn fremur er samþykkt að leyfishafi skuli gefa nefndinni árlega, upplýsingar um ástand húsanna, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert, ásamt staðfestingu á tryggingum.

Samþykkt samhljóða.

2. Lóðir á Hafnartanga á Bakkafirði

Í ljós hefur komið að ekki eru til lóðir á gömlu „kaupfélagslóðinni“ á Hafnartanga á Bakkafirði. Þar eru staðsett fjögur hús, Hafnartangi 1-4, íbúðarhús á, gamla íbúðarhúsið sem er í enduruppbyggingu, veiðafærageymsla og verslunarhús.



LANGANESBYGGÐ

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir að fela sveitarstjóra að láta gera lóðarblöð fyrir þau hús sem eru á Hafnartanga á Bakkafirði.
Samþykkt samhljóða.

3. Umhverfismarkmið vegna urðunnarstaðar á Bakkafirði

Lögð er fram drög að eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunnar, dags. 25. sept. sl. Þar kemur m.a. fram að skv. starfsleyfi fyrir urðunnarstaðinn að Langanesbyggð verði að setja sér umhverfismarkmið.

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir að fela sveitarstjóra að gera tillögu að umhverfismarkmiðum í samræmi við ákvæði starfsleyfis.
Samþykkt samhljóða.

4. Umsókn um stöðuleyfi á lóðinni norðan við íbúðarhús að Fjarðarvegi 17 á Þórshöfn

Lögð er fram umsókn frá Óla Ægi Þorsteinssyni um leyfi fyrir geymslu fyrir bátinn Loka ÞH 52 á auðu lóðinni norðan við húsið að Fjarðarvegi 17. Gert er ráð fyrir að báturinn standi þar á vagni fram í byrjun mars 2019.

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir framlagða umsókn.
Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál

5.1. *Umræður um bílflök og rusl sem merkt voru 2017*

Það mat nefndarmanna að þó nokkur árangur hafi náðst, en betur má ef duga skal.
Samþykkt að stefna að hreinsun á rusli, bílflökum o.fl. á almannafæri með vorinu.

5.2. *Vatnsmál í Sandi*

Rætt um frárennismál/grunnvatnsstöðu hússins Sands við Eyrarveg 8 á Þórshöfn. Nefndin mælist til að fundin verði lausn á þessu máli og óskar eftir tillögum frá sveitarstjóra um aðgerðir sem fyrst.

5.3. *Vegamót*

Rætt um rústir húss á jörðinni Vegamót. Samþykkt að leggja til að rústir hússins verði nýttar til æfinga fyrir slökkvilið Langanesbyggðar og gengið frá rústunum skv. ákvæðum í reglugerð.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:00.